

FW: Upptaka frá UT-deginum-Nýjar persónuverndarreglur o.fl.

Til : Elín S. Kristinsdóttir;Auður Þorkelsdóttir
Frá : Sigríður Kristinsdóttir
Heiti : FW: Upptaka frá UT-deginum-Nýjar persónuverndarreglur o.fl.
Málsnúmer : 1612166
Málsaðili : Samband Íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 08.12.2016 16:36:06
Höfundur : Sigríður Kristinsdóttir

Viðhengi [Bréf til allra sveitarfélaga vegna skila starfshóps.pdf](#)[Bréf til allra sveitarfélaga vegna skila starfshóps.pdf](#)
[image001.gif](#)[image001.gif](#)

Sæl Elín,

Ég vil biðja þig að stofna mál hjál. bréf.

Auður viltu setja málið á dagskrá næsta bæjarráðsfundar.

bvk

From: Anna Bára Gunnarsdóttir
Sent: 8. desember 2016 15:26
To: Árdís Ármannsdóttir ; Sigríður Kristinsdóttir ; Haraldur Líndal Haraldsson
Subject: FW: Upptaka frá UT-deginum-Nýjar persónuverndarreglur o.fl.

Sæl

Áframsendi hér erindi sem barst á netfang bæjarins.

Með kveðju,
Anna Bára

ANNA BÁRA GUNNARSDÓTTIR
DEILDARSTJÓRI ÞJÓNUSTUVERS

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | GSM 664 5591 | www.hafnarfjordur.is

From: Anna G. Björnsdóttir [<mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>]
Sent: 8. desember 2016 15:22
Subject: Upptaka frá UT-deginum-Nýjar persónuverndarreglur o.fl.

Vinsamlegast framsendið til framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, yfirmanns stjórnsýslu og þeirra sem hafa umsjón með upplýsingatæknimálum sveitarfélagsins

Á UT-deginum, sem var haldinn 1. desember sl., voru kynnt áhrif nýrrar ESB-löggjafar, sem verður innleidd í íslensk lög á næstu misserum, um persónuvernd og net og upplýsingaöryggi, á stofnanir ríkisins og sveitarfélög. Þessar nýju reglur fela í sér auknar kröfur á opinbera og einkaaðila í þessum efnum. Eins kynnt var í niðurlagi bréfs sambandsins til allra sveitarfélaga, dags. 6. desember sl., sem fylgir hjálagt, er afar mikilvægt að sveitarfélög fari nú þegar að huga að undirbúningi fyrir hina nýju löggjöf.

Sveitarfélög eru þess vegna hvött til að kynna sér upptöku af framsögum á UT-deginum á <http://www.samband.is/vidburdir/fundir-og-radstefnur/atburdir/2016/12/01/eventnr/958> og upplýsingar á heimasíðu Persónuverndar <http://www.personuvernd.is/ny-personuverndarloggjof-2018/>.

Á UT-deginum var Helga Þórisdóttir forstjóri Persónuverndar með mjög aðgengilega kynningu á nýjum reglum um persónuvernd þar sem m.a. kom fram að hver stofnun og hvert sveitarfélag þarf að setja sér verklagsreglur, samþykkja skýra persónuverndarstefnu, sjá til þess að persónuvernd sé innbyggð í nýjan hugbúnað og hafa á að skipa persónuverndarfulltrúa. Há sektarviðurlög geta legið við ef kröfum er ekki fullnægt. Hrafnkell Gíslason forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar og Vera Sveinbjörndóttir lögfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu kynntu tilskipun um öryggi net- og upplýsingakerfa sem felur í sér nokkuð hliðstæðar skyldur á rekstraraðila og Persónuverndarreglugerðin. Sérstakar skyldur hvíla á rekstraraðila mikilvægra innviða og nauðsynlegrar þjónustu og falla veitukerfi sveitarfélaga að öllum líkindum þar undir. Kynning Svavar Inga Hermannssonar á úttekt á öryggi opinberra vefja á árinu 2015, tengist einnig beint sveitarfélögum þar sem bæði vefir sveitarfélaga og ríkisstofnana voru metnir.

Loks má geta þess að framsaga Björn Erik Thon forstjóra norsku Persónuverndarstofnunar gaf hrollvekjandi innsýn í hvernig persónuupplýsingar eru orðnar að verðmætri markaðsvöru og þörf á aukinni vernd.

mgkv

Anna Guðrún



Anna Guðrún Björnsdóttir

sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

Beint innval: 515 4920

Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)